

ÁVARPIÐ

FRÉTTABRÉF UNGRA VINSTRI-GRÆNNA
HAUST 2007



„SÉRDU EKKI
AD EG ER
AD FRELSA
ÞIG?“

HÖFNUM STRÍÐI!

ÁVAARP

Kæru félagar

Liðandi starfsár UVG hefur verið viðburðaríkt. Hápunktur þess, og það sem haft hefur einna mest áhrif á starfsemi okkar, er án efa kosningabaráttan og myndun nýrrar ríkisstjórnar að kosningum loknum.

Þrátt fyrir stórkostlegan kosningasigur þar sem Vinstrihreyfingin – grænt framboð nær tvöfaldaði fylgi sitt, hlaut fleiri þingmenn en nokkurn tímann áður og það í öllum kjördæmum landsins get ég ekki neitað því að sigurinn var ekki jafn sætur og ég hafði vonað. Sigurinn náðist jú og við gátum krýnt okkur sigurvegara kosninganna en hvers virði er slíkur sigur þegar hann leiðir ekki til nokkurra breytinga?

Forsætisráðherra landsins er sá sami – maðurinn sem telur það fullnægjandi að finna stúlku sem hægt er að hafa sömu not af og sætustu stelpunni á ballinu ef hún er upptekin. Sjálfstæðisflokkurinn er enn við völd, það er bara ný hækja tekin við af

Framsóknarflokknun. Það er sannarlega gremjulegt að þurfa að sitja hjá enn eitt kjörtímabilið í stjórnarandstöðu, að geta ekki breytt illu til hins betra og komið öllum kosningaloforðunum í framkvæmd.

Öllum má hins vegar vera það

„Sjálfstæðisflokkurinn er enn við völd, það er bara ný hækja tekin við af Framsóknarflokknun.“

ljóst að þrátt fyrir að ekki hafi orðið marktæk stefnumbreyting með nýrri ríkisstjórn þá erum við sem stjórn málaafi í töluvert breyttri aðstöðu en fyrir kosningar og okkar biður mikilvægt hlutskipti. Mikilvægt en um leið erfitt hlutskipti í fámennri og ósamlyndri stjórnarandstöðu. Við, Vinstri – græn, erum komin í þá aðstöðu að vera leiðandi afl í virku aðhaldi gagnvart hægri-sinnaðri frjálslygjustjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar.

Ungliðahreyfingu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

biður því sömuleiðis mikilvægt hlutverk. Við þurfum að tryggja að flokkurinn haldi áfram að vaxa og dafna og vinna ötullega að því að treysta stöðu okkar, bæði í innra skipulagi flokksins sjálfs og ekki síður með því að bæta innri uppbyggingu ungliðahreyfingarinnar. Við þurfum að stofna fleiri svæðisfélög, virkja skólafulltrúa og gefa öllum ungliðum tækifæri til þess að hafa áhrif á stefnumótun Ungra vinstri grænna. Við þurfum að taka þátt og sýna að okkar álit og aðkoma skiptir máli.

Í þessu ljósi er gríðarlega mikilvægt að allir sem að vetlingi geta valdið mæti á komandi landsfund og taki þar virkan þátt. Það hefur aldrei verið mikilvægara en nú.

AUÐUR LILJA ERLINGSDÓTTIR
FORMAÐUR UVG

STYRKTU FLOKKINN! — EF ÞÚ GETUR

Undanfarin misseri hefur stjórn Ungra vinstri grænna hringt í flokksfélaga í Vinstrigrænum og kynnt styrktarmannakerfi flokksins fyrir þeim. Styrktarmannakerfið virkar þannig að flokksfélagar geta valið að greiða peningaupphæð að eigin

vali reglulega inn á reikning flokksins.

Ung vinstri græn njóta góðs af styrktarmannakefinu, en fjórðungur þess sem kemur inn í gegnum það rennur til okkar. Allir félagar sem hafa vilja og geta styrk starfið eru hvatt-

ir til að senda tölvuskeyti á uvg@vinstri.is og óska eftir frekari upplýsingum. Ef þið skráið ykkur á þann hátt mun fyrsta greiðslan renna óskipt til UVG.

NÝ HEIMSÍÐA Í BURÐARLIÐNUM — VILT ÞÚ VERA MEÐ?

Nú á haustdögum mun ný, róttæk og brjálæðislega flott heimasíða UVG líta dagsins ljós. Slóðin á síðuna verður eftir sem áður www.vinstri.is og mun hún í senn gegna hlutverki vefrits og upplýsingaveitu ungliðahreyfingar-

innar. Allir ritfærir og róttækir félagar eru eindregið hvattir til að senda okkur greinar og annað skemmtiefni fyrir heimasíðuna á netfangið ritstjorn@vinstri.is.

Þá óskum við einig eftir aðstoð allra sem af reynslu og þekk-

ingu á heimasíðugerð við að reka smiðshöggjöð á nýju síðunna þannig að hún verði sem best úr garði gerð.

UNGLIÐAR Á ALÞINGI

Í byrjun sumars settist Auður Lilja Erlingsdóttir, formaður UVG á Alþingi sem varamaður Kolbrúnar Halldórsdóttur.

Í byrjun janúar mun svo Katrín Jakobsdóttir, fyrsti þingmaður Reykjavíkurkjördæmis norður,

fara í barnseignarleyfi og verður frá þingstörfum það sem eftir er þingsins. Paul Nikolov, fyrsti varaþingmaður Reykjavíkurkjördæmis norður, og ungliðinn Steinunn Þóra Árnadóttir, annar varaþingmaður, munu

leysa hana af. Steinunn Þóra verður þar með annar ungliðinn sem sest á þing fyrir Vinstrihreyfinguna – grænt framboð á þessu kjörtímabili.



LÁTTU E EFTIR L

„AF HVERJU ERTU AÐ ÞESSU?“ SPYR FÓLK SEM SKILUR SKILUR EKKI HVERNIG ÉG NENNI AÐ STANDA Í PÓLÍTIÐSKU STARFI. SVARIÐ ER SAMT SVO SÁRAEINFALT. ÉG VIL SÝNA ÁBYRGÐ, LEGGJA MITT AF MÖRKUM OG GERA MITT BESTA TIL AÐ GERA HEIMINN BETRI. ÞESS VEGNA ER ÉG AÐ ÞESSU.

Alþjóðleg stórfyrirtæki eru að misnota sér bága stöðu bæði fólks og ríkja í heiminum í þeim eina tilgangi að græða. Þessu vil ég breyta. Bæði náttúru og loftslagi jarðarinnar, og þar af leiðandi framtíðar lífskilyrðum

á jörðinni er ógnað af lífsháttum okkar manna. Ég sætti mig ekki við það. Það eru miljónir, ef ekki miljörðar, manna í heiminum sem búa ekki við grundvallar-mannréttindi. Það á ekki að líðast. Konur eru hvergi í heiminum metnar til jafns á við karla. Því verður að breyta. Það eru háð tilgangslaus stríð um allan heim. Ég hafna stríði en kys frið. Ein manneskja sem býr við fátækt og skort er einni of mikið. Menntun er lykillinn að því að fólk geti nýtt tjáningarfrelsið. Menntun eru mannréttindi sem allir eiga að njóta og við verðum

að gera allt sem við getum til að tryggja að svo verði. Ég gæti haldið lengi áfram, það er svo margt sem ég vil breyta og hafa áhrif á.

„MED ÞESSUM HÆTTI ERTU Í
RÆÐA UM OG VELJA ÞAÐ
TIL ÞESS AÐ HAFNA Í ÁHRIF Í RA

Þetta eru auðvitað allt stór vandamál og ég veit að ég leysi þau ekki einn. Þess vegna er mikilvægt að allir axli sína ábyrgð og tileinki sér það hugarfar að

ERTU SPENNT(UR) FYR

SINDRI RÖGVALDSSON, 19 ÁRA, NEMI Í MENNTASKÓLANUM Á AKUREYRI.

Já, ég hlakka rosalega mikið til að fara á landsfundinn og hitta alla ungliðana sem koma hvaðanæva af landinu. Mér finnst það mjög spennandi þar sem að ég hef sjálfur ekki verið í miklu sambandi við aðra ungliða en á mínu svæði, og ég held að það verði flott að sjá heildarbatteirið. Mér finnst mikilvægt að á fundinum verði skipulögð efling undirfélaga

UVG, svo að við getum byggt upp starfsemina á sem flestum stöðum og náð til fleiri ungmenna til að kynna fyrir þeim fyrir hvað við stöndum fyrir og fá þau með okkur í baráttuna.

Mér finnst líka sérstaklega mikilvægt að það sé talað um stöðu okkar sem þjóð sem átti að vera án allra hertengsla, og að við höldum þeirri kröfu á lofti að við verðum slík þjóð.

EKKI ÞITT LIGGJA!

allir menn skipti máli og að allt sem maður gerir skipti máli. Ef við hugsum öll þannig þá getum við þetta saman. Ekki láta neinn segja þér að þú getir ekki haft áhrif. Ef sú hugsun væri ríkjandi

ÞÓ EINUNGIS AÐ FYLGJAST MED,
ÞU SEM AÐRIR LEGGJA TIL
ÞU VERÐUR ÞÚ AÐ TAKA ÞÁTT.“

þá myndi ekkert gerast.

Ef þú fylgist með pólitík þá ertu vissulega orðin(n) þáttakandi.

Sömuleiðis þegar þú átt skoðanaskipti við félagana, að ég tali nú ekki um það þegar þú nýtir kosningaréttinn. Með þessum hætti ertu þó einungis að fylgjast með, ræða um og velja það sem aðrir leggja til. Til þess að hafa áhrif í raun verður þú að taka þátt. Ung Vinstri-græn eru tilvalinn vettvangur til þess að láta af sér kveða – gera eitthvað. Við erum um eitt þúsund félagar í Ungum Vinstri-grænum. Ef leggjum öll reglulega eitthvað af mörkum í starfið þá getum við haft verulega mikið að segja um það sem gerist

í íslensku samfélagi og reyndar í heiminum öllum.

Landsfundurinn í byrjun október er kjörið tækifæri fyrir alla til þess að kynnst starfi UVG, taka þátt í því og byrja að hafa áhrif. Láttu ekki þitt eftir liggja! Sjáumst á landsfundi.

ELÍAS JÓN GUDJÓNSSON
VARAFORMAÐUR UVG

--- RIR LANDSFUNDINUM?

INGA VALA GÍSLADÓTTIR, 21 ÁRS, NEMI VIÐ LANDBÚNAÐARHÁSKÓLANUM Á HVANNEYRI

Jú, ég býst við miklu stuði og skemmtilegum umræðum. Þetta er fyrsti landsfundurinn minn og þar af leiðandi veit ég ekki alveg við hverju ég á að búast, en ég er afskaplega bjartsýn.

Ég hlakka sérstaklega til að ræða umhverfismálin. Þó að umræðan um þau sé sífellt að verða vitrænni, ekki síst fyrir tilstuðlan Vinstri-grænna sem hafa verið í fararbroddi umhverfisvaknin-

garinnar, þá er víða pottur brotinn, sem sést best á því kapphlaupi sem nú er þreytt um mengunarkvóta. Það verður einhver að vekja þetta fólk sem er í kapphlaupinu og segja þeim að þau séu að hlaupa fram af brúninni.

STJÓRN UVG STARFSÁRIÐ 2006-2007

FORMAÐUR: AUÐUR LILJA ERLINGSDÓTTIR

Auður er 28 ára og býr ásamt eiginmanni og dóttur í Norðurmýrinni í Reykjavík. Hún er stjórnmaílafræðingur með meistaraþráðu í opinberri stjórnsýslu og starfar sem ráðgjafi á einstaklingssviði hjá Byr Sparisjóði. Hún er einnig fyrsti varaþingmaður Vinstri-grænna í Reykjavíkurborgardæmi suður.

RITARI: STEINUNN RÖGNVALDSDÓTTIR

Steinunn er 21 árs blandaður Skagfirðingur og Akureyringur, en býr nú í Reykjavík þar sem hún leggur stund á nám í félagsfræði og táknaílsfræði við Háskóla Íslands.

ALÞJÓÐAFULLTRÚI: ÞÓRHILDUR HALLA JÓNSDÓTTIR

Þórhildur er 20 ára heimspekinemi búsett í miðborg Reykjavíkur en rætur hennar liggja jafnt á Akranesi sem í Skagafirði.

MEÐSTJÓRNANDI: ERLENDUR JÓNSSON

Erlendur er 24 ára efnáfræðingur úr Kópavogi, nú búsettur í Reykjavík. Hann leggur stund á mastersnám í efnáfræði við Háskóla Íslands.

MEÐSTJÓRNANDI: EMIL HJÖRVAR PETERSEN

Emil Hjörvar er 23 ára Kópavogsbúi með BA gráðu í bókmenntafræði sem stundar nú nám í hagnýtri ritstjórn og útgáfustörfum við Háskóla Íslands.

VARAMAÐUR: BRYNJA BJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR

Brynja Björg er 17 ára gömul og búsett í Reykjavík þar sem hún stundar nám við Menntaskólann í Reykjavík. Brynja er einnig varaformaður UVGR.

VARAFORMAÐUR: ELÍAS JÓN GUÐJÓNSSON

Elías Jón er 27 ára Skagamaður, nú búsettur í Reykjavík ásamt sambylískonu sinni. Elías er á lokaári í stjórnmaílafræði við Háskóla Íslands, með stúdenta-pólitik sem aðalfag. Hann starfar auk þess sem blaðamaður á Bláinu.

GJALDKERI: KÁRI PÁLL ÓSKARSSON

Kári Páll er 25 ára Reykvíkingur en á rætur að rekja til Akureyrar. Kári Páll leggur stund á meistaranám í þýðingarfæðum við Háskóla Íslands. Kári Páll er einnig gjaldkeri UVGR.

MEÐSTJÓRNANDI: SVERRIR AÐALSTEINN JÓNSSON

Sverrir er 27 ára og nú búsettur í miðborg Reykjavíkur en á þó rætur að rekja bæði til Skagafjarðar og Akraness. Sverrir er með sveinspróf í vélvirkjun, BA-próf í sagnfræði og leggur nú stund á mastersnám í jarðvísindum við Háskóla Íslands.

MEÐSTJÓRNANDI: ÞÓRUNN ÓLAFSDÓTTIR

Þórunn er 22 ára Fáskrúðsfjarðarmær og stundar nám við Menntaskólann á Egilsstöðum. Þórunn er einnig formaður UVG á Austurlandi.

VARAMAÐUR: ANDRÉS RÚNAR INGASON

Andrés Rúnar er 29 ára gamall og búsettur á Selfossi ásamt eiginkonu og dóttur. Hann leggur stund á sagnfræðinám við Háskóla Íslands og vinnur einnig sem vistarvörður við Fjölbrautaskólann á Selfossi.

VARAMAÐUR: BJÖRN REYNIR HALLDÓRSSON

Björn Reynir er 18 ára Reykvíkingur og stundar nám við Menntaskólann í Reykjavík.

STIKLUR ÚR STARFSÁRINU

- Staðið var að fjölda atburða fyrir meðlimi UVG í von um að flestir næðu að finna eitthvað við sitt hæfi. Haldin voru kaffihúsakvöld, spílakvöld, kvikmyndakvöld, fundarskapanámskeið og stjórn málasmiðjur.
- Á starfsárinu hefur stjórn UVG haldið 24. formlega fundi sem færðir voru til fundargerðar. Auk þess hefur stjórnin haldið þrjá vinnufundi sem stóðu yfir helgi.
- Á starfsárinu var stofnuð félag Ungra vinstri-grænna í Hafnarfirði og nágrenni og á Austurlandi.
- Ung vinstri-græn tóku virkan þátt í kosninga-baráttunni og stóðu m.a. fyrir tónleikum sem báru yfirskriftina „Rokkum til vinstri!“ á Grandrokk.
- Stjórn UVG lagði mikla áherslu á alþjóðlegt samstarf þetta starfsárið. Ung vinstri-græn eru sem stendur í tvennum samtökum á erlendum vettvangi. Socialistisk ungdom i Norden (SUN) og European Network of Democratic Young Left (ENDYL). Með þátttöku okkar í þessum samtökum höfum við fengið tækifæri til að fara út í hinn stóra heim og fræðast um starfssemi systerhreyfinga okkar erlendis. Það starf hefur verið miðg gefandi, fræðandi og verið uppsprettan að mörgum góðum hugmyndum.
- Í byrjun ársins var haldinn sorgar- og minningarstund vegna þess lands sem nú hvílir undir miðlunarlóni Kárahnjúkavirkjunar og stór hluti núlifandi og komandi kynslóða fá aldrei fá aldrei að kynnast. Stjórn Ungra vinstri-grænna nýtti tækifærið til að kynna ljósmyndabók sem stjórnin hafði útbúið í samstarfi við Christopher Lund, ljósmyndara. Þessi bók sem framleidd var í einu eintaki var afhent landsbókasafni til varðveislu.
- Ung vinstri-græn afhentu fulltrúum allra flokka í borgarstjórn Reykjavíkur tvo strætómíða hverjum ásamt leiðbeiningum fyrir hvern og einn hvernig þeir gætu nýtt sér strætó til ferða til og frá vinnu. Uppátækinu voru gerð ágætis skil í fjölmiðlum.
- Í byrjun mars kom út málgagn Ungra vinstri-grænn, VINSTRI í fyrstu útgáfu. Málgagnið, sem var alls 36 bls. var prentað út í 8000 eintökum og var dreift um allt land, í framhaldsskóla og kaffihús víða á höfuðborgarsvæðinu.
- Stjórn Ungra vinstri-grænna framleiddi býsniin öll af merkjum.
- Stjórnin hefur samþykkt og sent frá sér sjö ályktanir á starfsárinu um margvísleg málefni.

Landsfundur

UVG

6.-7. OKTÓBER 2007

Landsfundur Ungra vinstri grænna verður haldinn í Reykjavík, að Vesturgötu 7. helgina 5.-7. Október.

Þar verður vegleg dagskrá með áhugaverðri pólitík og fullt af skemmtun. Að venju verður þar kosin ný og glæsileg landsstjórn UVG. Ungliðar sem

áhuga hafa á stjórnarstörfum eru hvattir til að hafa samband með því að senda póst á uvg@vinstri.is.

Tveimur vikum fyrir fundinn verður hægt að nálgast öll fundargögn heimasíðu hreyfingarinnar www.vinstri.is.

DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR 9.OKTÓBER:

Fundurinn settur kl.9 að Vesturgötu 7, Reykjavík

Framsögur

Almennar stjórn málaumræður

Skýrsla stjórnar

Ársreikningar

Matarhlé

Smíðja

Stefnuyfirlýsing UVG – kynning á drögum

Kvöldskemmtun (nánar auglýst síðar)

SUNNUDAGUR 10. OKTÓBER :

Fundur heldur áfram kl. 10:00

Lagabreytingar

Stefnuyfirlýsing/Ályktanir

Kosning stjórnar

Fundi slitið

Skráning fer fram á uvg@vinstri.is og er fundargjaldið 2.500 krónur.

Ef einhvern vantar aðstoð við að finna gistingu geta meðlimir í stjórn UVG leitast við að aðstoða.

Öllum spurningum er vísað á uvg@vinstri.is, fylgist einnig með á vinstri.is og skráið ykkur á póstlistann

AÐALFUNDUR UNGRA VINSTRI GRÆNNA Í REYKJAVÍK

Aðalfundur Ungra vinstri grænna í Reykjavík verður haldinn laugardaginn 29.september að Suðurgötu 3 og hefst kl. 13:00.

Vert er að vekja athygli á því að aðild að félaginu, Ung vinstri græn í Reykjavík, eiga þeir félagar í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði sem eru 30 ára og yngri og eru búsettir í Reykjavík eða kjósa að starfa með félaginu í Reykjavík.

Óskað er eftir framboðum til stjórnar. Framboð

berist á veffangið elias@kommunan.is.

Það er hægt að senda tillögur að ályktunum eða lagabreytingatillögur til formanns Ungra vinstri grænna í Reykjavík á netfangið ellasiq@internet.is.

Lög félagsins ásamt nánari upplýsingum um dagskrá fundarins má nálgast á heimasíðu Ungra vinstri grænna www.vinstri.is

STJÓRN UNGRA VINSTRI-GRÆNNA Í REYKJAVÍK